

Reykjanesbraut (41)
Hafnavegur - Garðskagavegur
Svör við umsögnum um matsáætlun

Vegagerðin
September 2024

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1 Umsagnaraðilar.....	2
2 Umsagnir og svör framkvæmdaaðila við þeim.....	3
2.1 Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.....	3
2.1.1 Svar Vegagerðarinnar.....	3
2.2 Reykjanesbær.....	4
2.2.1 Svar Vegagerðarinnar.....	4
2.3 Náttúrufræðistofnun Íslands.....	4
2.3.1 Svar Vegagerðarinnar.....	5
2.4 Minjastofnun.....	5
2.4.1 Svar Vegagerðarinnar.....	6
2.5 Reykjanesbær.....	7
2.5.1 Svar Vegagerðarinnar.....	7

1 Umsagnaraðilar


Vegagerðinni hafa borist 7 umsagnir vegna matsáætlunar fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir á Reykjanesbraut (41) milli Hafnavegar og Garðskagavegar.

Þær eru frá:

1. Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, dags. 18.07.2024
2. Reykjanesbæ, dags. 25.07.2024
3. Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 31.07.2024
4. Isavia, dags. 22.08.2024
5. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar, dags. 27.08.2024
6. Minjastofnun Íslands, dags. 28.08.2024
7. Suðurnesjabær, dags. 03.09.2024
8. Reykjanesbær, dags. 05.09.2024

Umsagnir 4, 5 og 7 krefjast ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaaðila. Umsagnir 1, 2, 3 og 6 krefjast aftur á móti viðbragða framkvæmdaaðila.

Í eftirfarandi umfjöllun, eru þau efnisatriði umsagnaraðila birt sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaaðila, og svör framkvæmdaaðila við þeim. Bent er á að tvær umsagnir bárust frá Reykjanesbæ, sjá 2. og 8. lið.



↑ Mynd 1

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er afmarkað með svörtum ferhyrningi.

2 Umsagnir og svör framkvæmdaðila við þeim

2.1 Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja segir:

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti í matsáætluninni sem gætu helst átt við starfsvið embættisins.


Líkt og fram kemur í matsáætluninni á bls. 47 og 48 hafa farið fram mengunarmælingar og mengun greinst við Hafnaveg og efra Nikkelsvæðið í kjölfar starfsemi varnarliðsins á fyrri árum. Embættið hefur einnig vitneskju að á svæðinu fyrir ofan Flugvelli 7 og 15 var gamall sorplosunarstaður sem gæti náð að áformuðu framkvæmdasvæði. Embættið leggur áherslu á að verktakar sem vinna að framkvæmdunum séu vel upplýstir um tilkynningarskyldu til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja verði vart við mengun í jarðvegi.

Aðkoma Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að framkvæmdinni snýr helst að því að leiðbeina og yfirfara gögn finnast mengun í jarðvegi, útgáfu leyfis fyrir starfsmannabústöðum, leiðbeiningar og eftirlit í kjölfar mengunarslyss, komi til þess og ef við á aðkomu að fráveitulausnum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein fyrir þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki frekari ábendingar eða athugasemdir við matsáætlunina.

2.1.1 Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin þakkar ábendingu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja um sorplosunarstaði við Flugvelli 7 og 15. Nánari staðsetning þeirra verður könnuð við undirbúning framkvæmdarinnar og reynt að koma í veg fyrir að þeim þurfi að raska við framkvæmdir.



↑ Mynd 2

Staðsetning Flugvalla 7 og 15 (Kortasjá Vegagerðarinnar, loftmynd: Loftmyndir ehf).

Í útboðsgögnum verða verktakar upplýstir um tilkynningarskyldu til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja verði vart við mengun í jarðvegi. Leitað verður til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eftir þörfum við undirbúning og framkvæmd verksins.

2.2 Reykjanesbær

Í umsögn Reykjanesbæjar segir:

Umhverfis- og skipulagsráð leggur áherslu á að mikilvægt sé að tryggja öruggar teningar Reykjanesbrautar við Reykjanesbæ og að vinna þurfi hratt og örugglega. Auka þarf vægi almenningsgangna í reiknilíkaninu og taka þarf aukið tillit til umferðartafa innan Reykjanesbæjar þegar hagkvæmni er metin. Huga þarf að áfangaskiptingu.

Reykjanesbær fagnar vinnunni en óskar jafnframt eftir því að haft verið samráð við sveitarfélagið við nánari útfærslur verkefnisins í framhaldinu.

2.2.1 Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin vinnur að undirbúningi framkvæmdarinnar í samræmi við þingsályktunartillögu að Samgönguáætlun 2024-2038 þar sem gert er ráð fyrir fjárveitingum á árunum 2029-2033.

Í kafla 1 í matsáætlun kemur fram að samráð hefur verið við skipulagsaðila á svæðinu, þ.e.; Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Isavia og Kadeco¹ um lausn samgöngumála á svæðinu. Því samráði verður haldið áfram þar til fengist hefur niðurstaða um útfærslu Reykjanesbrautar þar sem hún liggur um Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ milli Hafnavegar og Garðskagavegar.

Útfærsla valkostagreiningar var unnin í samstarfi við skipulagsaðila á svæðinu. Endanleg aðferðafræði og niðurstöður valkostagreiningar verða kynntar sérstaklega fyrir skipulagsaðilum. Tekið var m.a. tillit til tenginga Reykjanesbæjar við Reykjanesbraut, tafatíma á stofnvegum og vegum sveitafélaga. Niðurstaða valkostagreiningar verður birt í umhverfismatsskýrslu.

Umhverfismat þetta verður óháð áfangaskiptingu og verður því ekki svarað fyrir áfangaskiptingu verksins hér. Þó er bent á að í þingsályktunartillögu að Samgönguáætlun 2024-2038 er gert ráð fyrir fjárveitingu í tvöföldun Reykjanesbrautar án mismægra gatnamóta. Frekari uppbygging hefur ekki verið tímasett.

2.3 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands segir:

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og gerir ekki athugasemdir við hana. Í henni kemur fram það sem nauðsynlegt er að fjalla um. Um nokkuð viðamikla framkvæmd er að ræða en framkvæmdasvæðið sem um ræðir liggur í gegnum eða í jaðri þéttbýlis og athafnasvæðis Keflavíkurflugvallar og er að stórum hluta undir miklum áhrifum frá nálægð við mannvist og/eða raskað af fyrri framkvæmdum eða nýtingu. Náttúra svæðisins er fábreytt og verndargildi alla jafna lágt og engin skörun við verndarsvæði. Efnistaka verður úr opnum námum í rekstri í nágrenni svæðisins ef efni úr skeringum dugar ekki. Stefnt er að uppgræðslu á öllum sárum þar sem jarðrask verður til að vega upp skerðingar á gróðurþekju. Ólíklegt verður því að teljast að mati Náttúrufræðistofnunar að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði annað en óveruleg fyrir

¹ Kadeco er þróunarfélag Keflavíkurflugvallar. Kadeco stendur fyrir Keflavík Airport Development Company. Á heimasíðu Kadeco <https://www.kadeco.is/> segir: "Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, hefur það meginmarkmið að leiða samstarf íslenska ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll."

Þá umhverfispætti sem tengjast fagsviði Náttúrufræðistofnunar sem eru einkum gróðurfar, fuglalíf, jarðminjar og landslag.

Náttúrufræðistofnun hefur þegar veitt upplýsingar til Vegagerðarinnar varðandi stöðu gagna og verndargildi gróðurfars og fuglalífs á framkvæmdasvæðinu og er það mat stofnunarinnar að ekki sé þörf á að safna frekari gögnum um þessa umhverfispætti.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar er metið frekar nákvæmt fyrir svæðið og þar er gróðurþekja almennt gisin þó finnst vistgerðir með miðlungs eða hátt verndargildi. Alaskalúpína sem er framandi ágeng tegund er mjög útbreidd á hluta framkvæmdasvæðis sem rýrir verndargildi gróðurs. Ekki ætti að nota jarðveg með fræjum alaskalúpínu til uppgræðslu. Engar válistaplöntur eru þekktar á svæðinu.

Fuglalíf er fábreytt á svæðinu enda Reykjanesbraut með fælingarmátt, einkum fyrir varp fugla. Sílamáfsvarp sem áður var nokkuð stórt á svæðinu er nú að mestu horfið þó eitthvað varp sé enn til staðar. Náttúrufræðistofnun telur að gögn um fuglalíf svæðisins séu ágæt og er m.a. stutt síðan sílamáfsvarpið var metið. Stofnunin er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf um fuglalíf svæðisins eins og þörf er.

Stefnt er að því að kortleggja jarðfræði og jarðveg svæðisins sumarið 2024 sem er jákvætt, ekki síst því mengaður jarðvegur er á svæðinu og mikilvægt að meta umfang og staðsetningu hans. Rannsóknin mun kortleggja helstu jarðmyndanir og meta verndargildi þeirra. Einkum er um grágrýtisholt að ræða. Ummerki frá ísöld s.s. jökulrákaðar klappir gætu verið á svæðinu og mikilvægt að kortleggja það.

Ekki eru gerðar athugasemdir við áformaðar greiningar á landslagi og ásýnd og áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfispætti.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

2.3.1 Svar Vegagerðarinnar

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands segir að ekki ætti að nota jarðveg með fræjum alaskalúpínu til uppgræðslu. Vegagerðin mun grípa til aðgerða til að forðast að rask vegna vegaframkvæmda stuðli að útbreiðslu framandi ágengra tegunda.² Sérfræðingar verða fengnir til að kortleggja alaskalúpínu á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast og í útboðsgögnum verður tekið fram að ekki skuli nota svarðlag eða jarðveg með fræjum alaskalúpínu til uppgræðslu. Annars staðar á framkvæmdasvæðinu verður leitast við að varðveita svarðlag og beita því við uppgræðslu til endurheimtar á staðargróðri.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að ummerki frá ísöld s.s. jökulrákaðar klappir gætu verið á svæðinu og að mikilvægt sé að kortleggja það. Vegagerðin mun fá jarðfræðing til að kortleggja sérstaklega jökulrákaðar klappir innan mögulegs framkvæmdasvæðis. Niðurstaða kortlagningarinnar verður birt í umhverfismatskýrslu.

2.4 Minjastofnun

Í umsögn Minjastofnunar segir:

Minjastofnun hefur kynnt sér svæðið með tilliti til fornleifa. Ekki er til fornleifaskráning fyrir framkvæmdasvæðið sem uppfyllir núverandi kröfur um fornleifaskráningu að undanskildri skráningu Antikva ehf frá 2019 sem eingöngu snýr að herminjum. Fornleifastofnun Íslands ses skráði minjar á svæðinu árið 2001 vegna fyrirhugaðra

² Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, 2023.

framkvæmda við Reykjanesbraut (Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Fornleifakönnun Reykjanesbraut, Fornleifastofnun Íslands ses. 2001) Í skýrslunni eru taldar upp þrjár minjar við Rósaselsstjarnir, tvær tóftir (nr. GK -110:005 og GK-110:080 í skýrslu) og heimild um mógrafir (Gk -110:031). Þessi skráning er komin talsvert til ára sinna og uppfyllir ekki núverandi kröfur um fornleifaskráningu. Ekki er ljóst hvort þessum minjum stafi hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum og er ekki fjallað um þær í matsáætlun. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fyrir framkvæmdasvæðið sé uppfærð af fornleifafræðingi svo þær uppfylli staðla, minjar mældar upp og merktar á loftmyndakort. Þá þarf að fjalla um minjar í matskýrslu og gera grein fyrir mögulegum áhrifum.

2.4.1 Svar Vegagerðarinnar

Fornminjar sem vísað er í eru staðsettar eins og sjá má á mynd 2.



↑ **Mynd 2:**

Úrklippa af Korti 1³

Endanleg verkmörk framkvæmdar liggja ekki fyrir en það er mat Vegagerðarinnar að fornminjar GK-110:080 og GK-110:005 séu það langt frá væntanlegum verkmörkum að fornminjunum stafi engin hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum. Vegagerðinni er óheimilt að raska Rósaselsvötnum, samkvæmt ákvæðum Aðalskipulags Suðurnesjabæjar, hvorki lögum né vatnsstöðu þeirra. Það þýðir að Vegagerðin mun hafa verkmörk vel utan við Rósaselsvötn.

Þá þarf að viðhalda stígakerfi fyrir óvarða vegfarendur milli Reykjanesbrautar/Garðskagavegar og Rósaselsvatna samkvæmt gildandi aðalskipulagi, sem einnig krefst þess að Reykjanesbraut/Garðskagaveg liggji vel frá Rósaselsvötnum.

Þegar endanleg verkmörk framkvæmdarinnar liggja fyrir mun Vegagerðin fá fornleifafræðing til að uppfæra fornleifaskráningu fyrir svæðið svo hún uppfylli staðla fornleifaskráningar, minjar verða mældar upp og merktar á loftmyndakort. Fjallað verður

³ Áhrif framkvæmda á menningarminjar við Reykjanesbraut, Fornleifastofnun Íslands, 2001.

um skráðar minjar í umhverfismatsskýrslu og gerð grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á þær.

2.5 Reykjanesbær

Í umsögn Reykjanesbæjar dags. 05.09.2024 segir:

Reykjanesbær leggur áherslu á að fjallað sé um alla þá valkosti sem eru til skoðunar og sérstaklega horft til samfélagslegra áhrifa sem tæki líka til nærsamfélagsins. Nokkur fjöldi íbúa Reykjanesbæjar sækja störf við flugvöllinn sem er einn stærsti vinnustaður landsins og nokkur fjöldi sækir í vinnu og nám á Reykjavíkursvæðið, ásamt því fólki á Reykjavíkursvæðinu og á Suðurnesjum sem sækja störf í Reykjanesbæ svo greiðar tengingar Reykjanesbrautar við gatnakerfi þéttbýlisins eru mikilvægar svo ekki byggist upp tafir þar. Á bls. 6 er þetta orðar ágætlega

„Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka greiðfærni samgangna um Reykjanesbraut (41) og hafa þar með jákvæð áhrif á samfélagið.“

2.5.1 Svar Vegagerðarinnar

Við undirbúning framkvæmdarinnar verður unnin valkostagreiningarskýrsla. Í henni eru þeir valkostir sem taldir eru koma til greina bornir saman með tilliti til ýmissa þátta og í kjölfarið er stefnt að því að taka ákvörðun um aðalvalkost. Skýrslan verður birt áður en umhverfismatsskýrsla verður lögð fram og umfjöllun um valkosti í umhverfismatsskýrslu mun að stórum hluta byggja á henni.

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þá valkosti sem taldir eru koma til greina og áhrif þeirra, m.a. á nærsamfélagið.